

T I L L A G A

Þingsályktunar um skírnarfræðslu.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af Sjöfn Jóhannesdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Höllu Helgadóttur.
Frsm. Sjöfn Jóhannesdóttir.

Kirkjuþing samþykkir að skipa starfshóp um skírnarfræðslu sem leggi fyrir kirkjuráð markvissar tillögur um kynningu og fræðslu um gildi skírnarinnar í þjóðlífinu.
Kirkjuráð skili niðurstöðum til kirkjuþings 2017.

Greinargerð:

Skírnin er grundvöllur og mikilvæg í boðun, þjónustu og starfi kirkjunnar. Það þarf að rækta hana vel, hlúa að og halda henni á lofti.

Nú fer skírnum fækkandi og leiða má rök að því að skilningur almennings á hlutverki og gildi skírnarinnar fari þverrandi.

Mikilvægt er að kirkjan bregðist við, setji skírningina í forgang fræðslu og kynningar í safnaðarlífinu og meðal almennings.

Í huga margra virðist skírnin aðeins vera nafngjöf og nú hafa skotið rótum í þjóðlífinu nýir siðir um nafngjöf án skírnar.

Þar gætir hvort tveggja misskilnings eða fráhrarfs frá kristnum sið, sem stundum má rekja til skorts á fræðslu um inntak skírnarinnar.

Kirkjan þarf að leita leiða að koma vel á framfæri hvað felst í skírinni og hvernig má rækta skírnarfræðsluna enn betur og minna á gildi hennar í lífi og starfi einstaklings sem samfélags.

Kirkjan þarf að spyrja stöðugt: Er þörf á að boða mikilvægi skírnarinnar enn betur?

Hvað er skírni? Hvers vegna er hún mikilvæg?

Þessum spurningum þarf að svara vandlega og móta stefnu um hvernig koma má skírinni og boðskap hennar áfram til hvernar kynslóðar.

Leggja áherslu á að skírni er meira en nafngjöf. Margt gott er að gerast í skírnarfræðslu safnaða, eins og krílasálmar, foreldramorgnar, bækur eða gjafir til 6 ára barna og fermingin o.fl.

Það er mikilvægt að tengjast þannig fjölskyldum, börnum og foreldrum og það þarf enn frekar að efla.

Skírnin virðist í huga margra aðeins einn stakur atburður, en er ekki ræktuð með þeim fyrirheitum sem hún gefur.

Skírnin gegnir dýrmætu hlutverki á hinu veraldlega sviði, hún er grundvöllur að mannskilningi og fjölskyldustefnu og siðrænu gildismati í þjóðlífinu. Í skírinni felst líka fyrirbær fyrir barninu, samfagnaður og yfirlýsing um mannréttindi og lífsrétt, óháð stöðu og veraldlegum aðstæðum. Mikilvægt að boð kirkjunnar um skírni sé miðlað vel til fólks á einfaldan og skýran hátt.